

Nd. 190. Tillaga til þingsályktunar

um friðun Faxaflóa.

Flm.: Ólafur Thors, Pétur Ottesen.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera hinar ýtrustu tilraunir til þess að fá viðurkenningu fyrir því, að Faxaflói verði talinn innan íslenskrar landhelgi, enda verði hann þá friðaður fyrir hotnvörpuveiðum.

Greinargerð.

Íslendingar hafa lengi skilið, að vegna fiskveiða landsmanna mundi það hin mesta nauðsyn að friða sem bezt hrygningarstöðvar nytjafiskanna. Hér hafa því fyrir löngu verið gerðar ýmsar ráðstafanir þessu til tryggingar, þ. á. m. lagasetning um bann gegn botnvörpuveiðum, ásamt rikulegu framlagi úr ríkissjóði til landhelgisgæzlunnar.

Hinsvegar liggja mörg hrygningarsvæði og uppeldisstöðvar fiskseiðanna utan landhelgislinunnar, og geta Íslendingar því ekki verndað þau með lagafyrirmælum, nema með því móti, að landhelgislinan verði færð út, þannig að svæði þessi verði innan íslenskrar landhelgi, en til þess hefir verið talið þurfa samþykki annara þjóða, eða svo hefir a. m. k. verið litið á til þessa af hendi Íslendinga. Iðulega hafa þá líka heyrzt raddir um, að nauðsyn bæri til að taka það mál upp við hlutaðeigandi þjóðir, og hafa áhugasamir menn flutt málið inn á Alþingi í því formi að skora á ríkisstjórnina að freista þess að ná slíkum samningum, og hafa jafnframt verið leidd sterk rök, eða jafnvel sannanir að því, að friðun hrygningarsvæðanna og uppeldisstöðva fiskseiðanna væri eigi aðeins

hagsmunamál Íslendinga, heldur og allra þeirra þjóða, sem reka fiskveiðar fyrir ströndum landsins.

Eigi hefir þó tekizt til þessa að leiða þetta mikla velferðarmál þjóðarinnar fram til sigurs, enda ef til vill ekki á því haldið með nægilegri þrautseigju.

Hinsvegar hefir ekkert komið fram við flutning málsins, er skeri úr um, að vonlaust sé um sigurvænlegan árangur. Er því hér enn skorað á ríkisstjórnina að hefjast nú handa, og að þessu sinni eigi stílað hærra en að fara fram á viðurkenningu fyrir því, að Faxaflói megi teljast innan íslenzkrar landhelgi, að því tilskildu, að hann verði friðaður gegn botnvörpuveiðum, en áður hefir þess verið krafizt, að allir firðir og flóar og helztu bátamið yrðu talin til landhelginnar. Takist að friða Faxaflóa, er það afarstór og þýðingarmikill sigur, því bæði er það svo, að í Faxaflóa og næsta nágrenni hans eru aðallhrygningarsvæði þorsksins, og flóinn því alveg tilvalin klakstöð þess ungvíðis, og auk þess ætti frekar að mega gera sér vonir um, að auðnast mætti síðar að fá aðra flóa og firði friðaða, eftir að friðun Faxaflóa í reyndinni hefði borið tilætlaðan ávöxt til hagsbóta öllum þeim, er fiskveiðar reka hér við land.

Það skal viðurkennt, að líkur benda til, að þetta mál verði ekki auðsótt hjá ýmsum hinum völdugustu þeirra þjóða, er um það eiga að fjalla, og þer margt til, að slíkum málaleitunum hefir verið treglega tekið. En þó má geta þess, að á alþjóðafundi, er haldinn var í Haag 1930, tóku fulltrúar 17 af 33 þjóðum, er fundinn sátu, vel á því, að landhelgi allra landa yrði vikkuð frá því, sem nú er, og ennfremur þykja þær deilur, er nú standa yfir milli Norðmanna og Bretá út af því, að Norðmenn færðu út landhelgina fyrir Norður-Noregi, án áður fengins samþykkis annara þjóða, vekja von um, að stórþjóðirnar séu a. m. k. viðmælandi í þessum efnum. Mun í þeim deilum hafa komið til tals, og ekki verið þvert tekið fyrir, að viss svæði utan viðurkenndrar landhelgislinu yrðu friðuð gegn botnvörpuveiðum, ýmist nokkurn hluta árs eða með öllu, eða m. ö. o., að orðið sé við svipaðri kröfu af hendi Norðmanna og hér er farið fram á að því er Faxaflóa snertir. Þykir því tímabært og líklegast til árangurs, að málið sé tekið upp nú, — og einmitt á þessum grundvelli.

EKKI þykir ástæða til að freista þess að leiða hér fram þau rök, er sterkust þættu og líklegust til þess að sannfæra aðra þjóðir, er hér reka veiðar, um, að einnig þeirra hag sé hezt borgið með friðun Faxaflóa. Í þeim efnum verða að sjálfsgöðu, þegar á hölminn kemur, tekin upp öll þau rétt rök, er áður hafa verið fram færð, og við bætt eftir því, sem íslenzk vísindi og reynsla á því sviði, lögkænka og hyggindi megna. Og um hitt þarf eigi heldur að rita langt mál, að enda þótt með friðun Faxaflóa sé nokkuð skertur réttur íslenzkra botnvörpuunga til veiða, þá er hvorttveggja, að svo er til æflazt, að einnig þeir uppskeri margfaldan óbeinan ávöxt af friðuninni, sem og hitt, að íslenzkir valdhafar hafa í hendi sér að bæta augnabliksskaðann, t. d. með því að aflétta einhverjum skattinum af útveginum, enda verður því eigi með sanni haldið fram, að framtidarhorfur togaraútvegsins velti að neinu verulegu leyti á fiskveiðum í Faxaflóa.

Hinsvegar má leiða miklar líkur að því, að í aðra hönd blasi við hinir stórvægilegustu hagsmunir, því telja má víst, að verði Faxaflói friðaður gegn botnvörpuveiðum, muni fiskisæld vaxa í flóanum, svo að hér verði að nýju gnægð

fisks allan ársins hring. Reynsla stríðsáranna ber þess og órækan vott. Þarf ekki um að tala, hver fengur slíkt er, þar sem annarsveggar er Reykjavíkur- og Hafnarfjarðar-markaðurinn, en í þeim kaupstöðum býr nú $\frac{1}{3}$ hluti þjóðarinnar, en svo hinsveggar hinar nýju aðferðir til hagnýtingar þess afla, sem hægt er að koma nýjum í frystingu, en við þá hagnýtingu aflans hafa framsýnir menn nú um nokkurt árabíl lengt mestar vonir um lífvænlega afkomu útvegsins. Skulu hér engar fullyrðingar í frammi hafðar, en öfgalaust þykir mega segja, að ekki sé ólíklegt, að fáist því til leiðar komið, að Faxaflói verði friðaður gegn botuvörpuveiðum, þá muni hefjast ný gullöld fiskveiða hér í flóanum, sem líklegri er en allt annað, er nú verður auga á komið, til að standa undir lífsframfæri þess fólks, er hér hefir saman safnast og byggt afkomuvonir sínar á atvinnurekstri, sem eins og sakir standa sýnist hæpið að sé lífvænlegur, og a. m. k. ekki bær að rísa undir þeim kröfum, sem nú eru til hans gerðar.